

Ed.

1077. Breytingartillögur

[271. mál]

við frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Við 3. gr.
 - a. Í stað „60%“ í 4. mgr. komi: 80%.
 - b. Í stað „40%“ í sömu málsgrein komi: 20%.
2. Við 6. gr. bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Nú eru tveir eða fleiri framhaldsskólar í sama sveitarfélagi og skulu þá skólameistarar stofna til samstarfsnefndar sem fjallar um sameiginleg málefni framhaldsskólanna í sveitarfélaginu. Samstarfsnefnd heldur reglulega fundi. Hún ákveður að öðru leyti sjálf starfsreglur sínar.
3. Við 7. gr. Í stað 3. og 4. másl. 1. mgr. komi nýr málslíður er orðist svo: Skulu tveir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélögum, einn af viðkomandi nemendafélagi og einn af starfslíði viðkomandi skóla.
4. Við 12. gr. Á eftir 1. másl. 2. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Skólameistari skal skipaður til sex ára í senn.
5. Við 16. gr. Greinin orðist svo:

Allir, sem lokið hafa 9 ára grunnskólanámi eða hlotið hafa jafngilda undirstöðumenntun, eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla að fullnægðum kröfum um starfsþjálfun þar sem hennar er krafist. Tryggja skal að allir nemendur eigi kost á námi við hæfi.
6. Við 30. gr. Í stað orðsins „sérskólar“ í 2. mgr. komi: sérdeildir.
7. Aftan við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem hljóði svo:

Ríkisstjórnin skal fyrir næsta þing eftir að lög þessi hafa hlotið staðfestingu leggja fram tillögur um endurskipan skólanefnda og skólaráða á þeim forsendum að um verði að ræða faglegar skólastjórnir.